

# Skólaþróun og áherslur Selásskóla

*Skólastefnan og það sem Selásskóli vill  
hafa að leiðarljósi í skólastarfinu og við  
þróun þess*



# Látum þúsund blóm blómstra

## Skólastefna Selásskóla

Selásskóli leggur áherslu á að sérhver nemandi fái tækifæri til náms við hæfi og að í skólastarfinu sé ýtt undir hæfileika og áhuga hvers og eins. Í upplýsingasamfélaginu stendur fólk sífellt frammi fyrir nýjum verkefnum af ýmsu tagi. Færni í að glíma við þau og leita leiða til lausna er mikilvæg og leggur Selásskóli áherslu á að gera nemendur færa um það, ásamt því að takast á við fjölbreytileg verkefni. Jafnframt þarf hann að ýta undir frumkvæði nemenda, kalla fram sköpunarkraft þeirra og áræði og efla hugmyndaflugið. Mikilvægt er að efla gagnrýna hugsun nemenda svo að þeir verði hæfari til að greina og meta ýmis konar efni og upplýsingar og að taka afstöðu í ólíkum málum.

Selásskóli leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að nemendur skilji, þekki og virði umhverfi sitt og náttúru. Nemendur öðlist færni og ábyrgðarkennd til að lifa og taka ákvarðanir til heilla samfélags og náttúru sem allt líf byggir tilvist sína á. Skólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi innkaup, notkun efna, orku og meðferð úrgangs.

Í erli og hraða samfélagsins sem við lifum í, er þörf á að ala börn upp í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Þau þurfa að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem því fylgir að vera manneskja. Uppeldi barnanna er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra. Foreldrar kenna þeim umgengnisvenjur, kurteis og háttprýði og í Selásskóla þjálfast þau í samskiptum og að vera þátttakendur í samfélagi ólíkra einstaklinga. Selásskóli leggur áherslu á samstarf við foreldra með velferð nemenda að leiðarljósi.

# Skólaþróun og áherslur

Látum þúsund blóm blómstra eru einkunnarorð skólans. Á bak við þau orð felast umhyggja fyrir nemendum okkar og ríkur vilji til að styðja sem best við framfarir, þroska og vellíðan þeirra. Allir sem að skólasamfélaginu koma eiga að taka til sín þá hvatningu sem í þessum orðum felast. Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á því að koma til þeirra verka sem okkur bíða í skólanum með jákvæðu hugarfari svo allir fái að blómstra í því sem þeir taka sér fyrir hendur. Á það við hvort sem um ræðir nemendur, starfsmenn skólans eða foreldra. Með virðingu og metnaði fyrir þeim verkum sem unnin eru í skólanum tryggjum við vellíðan og árangur í námi. Einkunnarorðin hafa líka sterka skírskotun til þeirrar sérstöðu sem skólinn hefur valið sér og leggja grunninn að skólastarfi Selásskóla og ná vel að draga saman áherslur skólans.

## Áherslur í skólastarfinu

### Vellíðan og ánægja

Vellíðan og ánægja er grundvöllur að metnaðarfullu starfi og góðum árangri. Selásskóli leggur því áherslu á vellíðan nemenda og starfsmanna í öruggu umhverfi sem hvetur til framúrskarandi árangurs.

### Samvinna – samábyrgð

Það er sameiginleg ábyrgð allra í skólasamfélaginu að skapa aðstæður sem best henta til náms. Þær aðstæður eru skapaðar með samvinnu og sameiginlegri sýn á metnaðarfullt starf sem skilar góðum námsárangri hjá einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við fjölbreytt verkefni. Sameiginleg ábyrgð og sterk samvinna heimilis og skóla er grundvöllur fyrir því að nemendur geti blómstrað og náð árangri. Aðstæður í skóla eru ólíkar því sem eru á heimili. Mikilvægt er að heimili og skóli sýni því skilning til að skapa tryggara umhverfi til náms.

### Sérstaða

Selásskóli setur sér það markmið að vera í farabroddi íslenskra skóla í kennslu umhverfismenntar og náttúruvísinda á því aldurstigi sem skólinn starfar á.

## Skref á árinu

### Vellíðan og ánægja

*Verkefni sem eru í vinnslu og eiga að stuðla að því að skólinn nái markmiðum sínum til að auka vellíðan og ánægju allra þeirra sem koma að skólasamfélaginu, nemendur, stafrsmenn og foreldrar.*

Fylgt verður eftir námskrá í Lífsleikni og áhersla lögð á að bekkjarfundir séu í öllum bekkjum frá 2. bekk. Í fyrsta bekk eru notaðar aðrar nálganir til að takast á við málefni líðandi stundar með nemendahópnum. (MRS/GEH)

Tekin verða markviss skref til að styrkja framkvæmd Olweusar-áætlunarinnar innan skólans. (PDJ)

Að hausti eru haldnir morgunfundir með foreldrum þar sem upplýsingum um skólastarfið er komið á framfæri. Fundirnir eru upplýsingar og umræðufundir fyrst með kennara og síðan með stjórnendum. (ÖH)

Gerð verið könnun meðal foreldra um viðhorf til ákveðinna hluta skólastarfsins.(ÖH)

Unnið verði markvisst að því að skapa góðan bekkjaranda með góðum tengslum við foreldrahópinn. (Umsjónarkennarar)

Skoða lestrarnám og framkvæmd lestrar kennslu við skólann með það að markmiði að bæta enn frekar árangur. (Stýrihópur um lestrarkennslu)

Vinna að því að koma saman grunni með hugmyndum sem hægt væri að nýta sem hugmyndar að sýningum á sal.(PDJ)

**Samvinna – samábyrgð**

*Verkefni sem eru í vinnslu og eiga að stuðla að því að skólinn nái markmiðum sínum til að auka faglegt starf innan skólans og þar með betri árangur nemenda og starfsmanna.*

Unnið verði samkvæmt hugmyndum um samvinnu - samábyrgð samanber skólanámskrá og því skipulagi sem þar er sett fram. (ÖH)

Unnið verði að endurskoðun námskrár í tungumálum. (ÖH)

Unnið verði áfram samkvæmt hugmyndum Olweusar gegn einelti. (ÞDJ)

Vinna áfram að þeim hugmyndum sem komu fram á síðasta skólaári um framkvæmd námsmats. (ÞDJ)

Að bæta og samræma framkvæmd foreldraviðtala. (ÖH)

Vinna að samræmingu á skráningum og samsiptum við foreldra í gengum Mentor. (ÖH)

**Sérstaða**

*Verkefni sem eru í vinnslu og eiga að stuðla að því að skólinn nái markmiðum sínum og geta skapað sér sérstöðu í náttúruvísindum og umhverfismennt.*

Unnið verði að endurskoðun á námskrá í þremur árgögnum í náttúruvísindum. Samhliða því verður útbúin verkefnabanki til kennslu í náttúruvísindum og umhverfismennt. (ÞDJ)

Unnið verður að heildstæðu skipulagi á kennslu í náttúruvísindum, umhverfismennt og útikennslu.(ÞDJ)

Unnið verði að vefsmiði á vefnum solskin.is sem verður vefur um náttúruvísindi og umhverfismennt (ÞDJ)

Unnið að endurskoðun á umhverfisstefnu skólans og framkvæmd hennar. (ÞDJ).

Fulltrúar nemenda í umhverfisráði virkjaðir sem fulltrúar sinna bekkja til að hafa m.a. eftirlit með framkvæmd umhverfisstefnu skólans. (ÞDJ)

Unnið verði eftir skipulagi um þátttöku nemenda í uppbyggingu útikennslustofu í grenndarskógi. (ÞBÁ)

## Árangur og viðmið

### Vellíðan og ánægja

Mælikvarðar á árangur og viðmið	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011	Viðmið
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með skólastarf í Seláskóla. <sup>1-2</sup>		95%	81%		> 80%
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með umsjónarkennara barnsins. 1-2		90%	96%		> 90%
Hlutfall nemenda sem líður alltaf/oftast vel í Seláskóla. <sup>3</sup>		89%	90%		> 90%
Hlutfall nemenda sem eru ánægðir með umsjónarkennarann sinn. 4		78%	72%		> 90%
Hlutfall nemenda sem telja sig verða fyrir einelti. 3	Ekki mælt	8%	8%		< 4%
Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi. <sup>5</sup>		87%	Ekki mælt		> 85%
Hlutfall starfsmanna sem telja góðan starfsanda ríkja í Seláskóla. <sup>5</sup>	Ekki mælt	90%	Ekki mælt		> 90%
Hlutfall foreldra sem telja foreldraviðtal upplýsandi og hafi gefið góða mynd af stöðu barnsins. <sup>2</sup>			63%		

### Samvinna - samábyrgð

Mælikvarðar á árangur og viðmið	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011	Viðmið
Hlutfall nemenda í 2. bekk sem geta lesið sér til gagns. <sup>6</sup>	73%	69%	69%		> 67%
Hlutfall nemenda í 5. bekk sem taka framsagnarpróf í lestri. <sup>9</sup>	33%	58%	Ekki mælt		> 67%
Hlutfall nemenda í 3. Bekk sem uppfylla viðmið 1. hluta talnalykils. <sup>7</sup>	32%	90%	44%		> 70%
Framfarastuðull samræmdra prófa í 7. bekk. <sup>8</sup>	1,04	1,02	1,02		>1,00
Hlutfall nemenda sem ná 7 stigum í ritunar hluta samræmdra prófa í 7. bekk. <sup>8</sup>					> 70%



**Sérstaða**

Mælikvarðar á árangur og viðmið	2007- 2008	2008- 2009	2009- 2010	2010- 2011	Viðmið
Hlutfall starfsmanna sem eru sammála áherslum sem valdar hafa verði sem sérstaða skólans. <sup>4</sup>		93%	Ekki mælt		> 90%
Hlutfall nemenda sem þekkja sérstöðu Selásskóla. <sup>10</sup>		Ekki mælt			> 95%
Hlutfall foreldra sem þekkja sérstöðu Selásskóla. <sup>1</sup>		83%	Ekki mælt		> 85%

Í töflunum hér að ofan er tilgreint númer í lok hvers mælikvarða og hefur það númer tilvísun til listans hér að neðan. Hér að neðan er númeraður listi yfir þær kannanir, skimanir og þau próf sem stuðst er við til þess að athuga hvort viðmiðum sé náð.

1. Viðhorfskönnun meðal foreldra framkvæmd af skóla á foreldradegi.
2. Viðhorfskönnun meðal foreldra framkvæmd af Menntasviði annað hvert ár
3. Eineltiskönnun meðal nemenda 4.-7. bekkjar framkvæmd í tengslum við Olweus.
4. Skólapúlsinn viðhorfskönnun meðal nemenda 6. – 7. bekkjar framkvæmd reglulega yfir skólaárið.
5. Viðhorfskannanir meðal starfsmanna framkvæmdar þrisvar á skólaárinu
6. Niðurstöður vinnustaðagreiningar Reykjavíkurborgar.
7. Niðurstöður lestrarskimunar í 2. bekk
8. Niðurstöður Talnalykils í 3. bekk.
9. Niðurstöður samræmdra prófa.
10. Niðurstöður könnunar meðal nemenda framkvæmd í skóla